

SKIPULAGSSKRÁ

Mænuskaðastofnunar Íslands.

1. gr.

Mænuskaðastofnun Íslands er sjálfseignarstofnun með sérstaka stjórn. Heimili og varnarþing hennar er á Seltjarnarnesi. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Hún er ekki háð neinum öðrum lögaðilum.

2. gr.

Stofnendur Mænuskaðastofnunar Íslands eru; Auður Guðjónsdóttir og Hrafnhildur Guðfinna Thoroddsen, Seltjarnarnesbær, FL-Group, Exista og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sem því til staðfestu hafa undirritað skipulagsskrá þessa.

Fjárhagslegar skuldbindingar stofnunarinnar eru stofnendum óviðkomandi umfram stofnframlag.

Stofnfé Mænuskaðastofnunar Íslands er kr. 1.000.000 óskerðanlegt stofnfé að raungildi sem lagt hefur verið fram af hálfu Auðar Guðjónsdóttur og Hrafnhildar Guðfinnu Thoroddsen kr. 200.000, af hálfu FL-Group kr. 200.000, af hálfu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins kr. 200.000, af hálfu Exista kr. 200.000 og af hálfu Seltjarnarnesbæjar kr. 200.000.

Stofnfé skal ávaxtast með tryggilegum hætti.

3. gr.

Markmið Mænuskaðastofnunar Íslands er að stuðla að lækningu á mænuskaða með öllum tiltækum ráðum. Stofnunin mun í því skyni:

- a. Vekja athygli á mænuskaða á alþjóðavettvangi og vinnu Íslands í því sambandi.
- b. Veita styrki til lækna og vísindamanna sem hrinda vilja í framkvæmd heildstæðri meðferð fyrir mænuskaðað fólk, frá slysi til loka endurhæfingar.
- c. Veita styrki til annarra sem með raunhæfum hætti vinna að nýjungum í meðferð á fólki.
- d. Veita viðurkenningar fyrir framsýni og framúrskarandi störf.
- e. Reka gagnabanka um mænuskaða www.sci.is.
- f. Halda fundi með brautryðjendum í lækningameðferð, styrkþegum o.fl.

Við mat á styrkjum og styrkbeiðnum mun leitað til viðurkenndra lækna og vísindamanna.

4. gr.

Stjórn Mænuskaðastofnunar Íslands er skipuð fimm mönnum til tveggja ára í senn og fimm til vara.

Auður Guðjónsdóttir og Hrafnhildur Guðfinna Thoroddsen tilnefna tvo fulltrúa, þar af annan sem varamann, Seltjarnarnesbær tilnefnir tvo fulltrúa, þar af annan sem varamann, FL-Group tilnefnir tvo fulltrúa, þar af annan sem varamann, Exista tilnefnir tvo fulltrúa, þar af annan sem varamann og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið tilnefnir tvo fulltrúa, þar af annan sem varamann.

Stjórn kýs sér formann og ritara, sem jafnframt skal vera varaformaður til tveggja ára í senn. Formaður kveður til stjórnarfundar og sér til þess að aðrir stjórnarmenn séu boðaðir til

þeirra. Einfaldur meirihluti gildir á stjórnarfundum. Forstöðumaður situr að jafnaði stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt.

5. gr.

Stjórn Mænuskaðastofnunar Íslands ber að vinna að markmiðum stofnunarinnar og kemur fram fyrir hennar hönd gagnvart þeim sem veita henni fjárhagslegan stuðning. Stjórnin ber ábyrgð á rekstri, fjárhag og eignum stofnunarinnar. Stjórnin ákveður meginþætti í stefnu og starfstilhögun stofnunarinnar og setur sér og stofnuninni starfsreglur. Boða skal stjórnarfundum með tryggilegum hætti. Stjórnarmaður má ekki taka þátt í meðferð einstaks máls ef málefnið varðar hann persónulega.

6. gr.

Stjórnin skal kalla stofnaðila saman til ársfundar eigi síðar en í apríllök á hvert. Þar skal stjórn Mænuskaðastofnunar Íslands gera grein fyrir starfi hennar og leggja fram endurskoðaða ársreikninga til samþykktar. Þar skal einnig kosning löggilts endurskoðanda og stjórnarfulltrúa fara fram. Á ársfundum gildir einfaldur meirihluti og hver fulltrúi stofnaðila hefur eitt atkvæði nema varðandi breytingar á skipulagsskrá, sbr. 11. gr.

Ársfundum skal boða skriflega með viku fyrirvara. Tillagna um breytingar á skipulagsskrá skal getið sérstaklega í fundarboði.

7. gr.

Stjórn Mænuskaðastofnunar Íslands ræður forstöðumann og setur honum erindisbréf. Forstöðumaðurinn ber ábyrgð gagnvart stjórn stofnunarinnar. Hann annast daglegan rekstur, vinnur að fjáröflun og annast reikningsskil. Forstöðumaðurinn undirbýr fjárhagsáætlun næsta starfsárs, sem lögð skal fyrir stjórnina í nóvember á hvert.

8. gr.

Tekjur Mænuskaðastofnunar Íslands, auk vaxta, eru frjáls framlög frá ríki, sveitarfélögum, samtökum, fyrirtækjum og einstaklingum.

9. gr.

Til þess að Mænuskaðastofnun Íslands geti náð megintilgangi sínum er stjórninni heimilt fyrir hönd stofnunarinnar að eiga samstarf við aðra og gerast í því skyni aðili að samstarfs-samningi um lengri eða skemmri tíma.

10. gr.

Reikningsár Mænuskaðastofnunar Íslands er frá 1. janúar til 31. desember á hvert. Forstöðumaður skal eigi síðar en í lok febrúarmánaðar leggja fram eftirtalin gögn fyrir stjórn stofnunarinnar til afgreiðslu:

- a. Skýrslu um starfsemi síðasta starfsárs.
- b. Endurskoðaðan ársreikning liðins starfsárs.

Reikningar Mænuskaðastofnunar Íslands skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda. Endurskoðaðir reikningar skulu sendir Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní á hvert fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á því ári.

11. gr.

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt ef 2/3 fulltrúa á ársfundi samþykkja slíkar breytingar enda sé fundur lögmaður og tillaga um slíkt hafi verið kynnt sérstaklega í fundarboði.

12. gr.

Starfsemi Mænuskaðastofnunar Íslands verður slitið með ákvörðun 2/3 fulltrúa á ársfundi.

Verði starfsemi Mænuskaðastofnunar Íslands hætt skal eignum hennar ráðstafað í samræmi við markmið stofnunarinnar.

13. gr.

Um reikningshald fer að lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

14. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari, sem og breytingum sem kunna að verða gerðar á henni.

Skipulagsskrá þessi var staðfest á stofnfundi Mænuskaðastofnunar Íslands 26. september 2007.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með skv. lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 30. október 2007.

Ríkarður Másson.

—————
B-deild – Útgáfud.: 21. nóvember 2007